

Ed.

## 58. Frumvarp til laga

[56. mál]

um breyting á lögum nr. 14. 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

### 1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

### 2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977 og gilda til loka þess árs.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt var lagður 1% skattur á launagreiðendur af greiddum vinnulaunum. Með l. nr. 94/1970 var ákveðið að innheimta 1½% til viðbótar af launaskattsstofni og skyldi sú viðbót gilda frá 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971. Þessi viðbótarskattur var síðan framlengdur fjórvegis með tímabundnum lagaákvæðum þannig að í reynd var innheimtur 2½% launaskattur á tímabilinu frá 1. desember 1970 til 1. apríl 1974.

Með lögum nr. 10/1974, 17. gr., var hinn fasti launaskattur hækkaður úr 1% í 2% en jafnframt var ákveðið í 18. gr. laganna að 1½% álagið skyldi innheimt áfram frá 1. apríl 1974 til loka ársins 1974. Þessi viðbótarskattur hefur síðan verið framlengdur með tímabundnum lagaákvæðum, síðast með lögum nr. 74/1975. Hefur því verið innheimtur 3½% launaskattur frá 1. apríl 1974.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sami háttur verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1977 og verið hefur frá 1. apríl 1974 og verði skatturinn 3½%. Þar af renni 2% til Byggingarsjóðs ríkisins en 1½% til ríkissjóðs.

2. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. gr. l. nr. 74/1975 og felst í henni að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.